

Eftirfarandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins var lögð fram í borgarstjórn 20. september 2022. Eftir góðar umræður vísaði borgarstjórn tillögunni til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs. Þar hefur hún þó ekki enn verið tekin fyrir og er óskað eftir því að úr því verði bætt sem fyrst.

#### Tillaga

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að grípa til aðgerða í því skyni að stemma stigu við hættulegum hraðakstri bifhjóla á göngu- og hjólréiðastígum borgarinnar, sem og á gangstéttum. Aðgerða er þörf þar sem mikil brögð eru að því að léttum bifhjólum, bæði raf- og bensíndrífnum, sé ekið eftir göngu- og hjólastígum, langt yfir þeim lögbundna 25 kílómetra hámarkshraða sem er í gildi á slíkum stígum. Aðgerðirnar verði þrenns konar:

1. Betri merkingar. Skýrar merkingar um hámarkshraða léttu bifhjóla, 25 km/klst. verði settar upp við göngu- og hjólréiðastíga.
2. Aukin fræðsla. Ráðist verði í fræðsluáttak í skólum borgarinnar til að kynna gildandi reglur um akstur léttu bifhjóla í þéttbýli. Þar komi fram reglur um hámarkshraða á göngu- og hjólastígum, hjálmaskyldu, hvar megi hjóla o.s.frv. Óskað verði eftir samstarfi við Samgöngustofu að þessu leyti.
3. Löggæsla. Óskað verði eftir því að lögreglan herði umferðareftirlit á göngu- og hjólréiðastígum borgarinnar og komi í veg fyrir að vélknúnum hjólum sé ekið þar yfir löglegum hámarkshraða.